

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Centyl med kaliumklorid, filmuhúðaðar töflur

bendróflúmetíazið 2,5 mg/kalíumklóríð 573 mg

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Centyl med kaliumklorid og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Centyl med kaliumklorid
3. Hvernig nota á Centyl med kaliumklorid
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Centyl med kaliumklorid
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Centyl med kaliumklorid og við hverju það er notað

Centyl med kaliumklorid tafla er græn, hylkjalaga, kúpt og filmuhúðuð.

Centyl med kaliumklorid lækkar blóðþrýsting og eykur þvagútskilnað.

Centyl med kaliumklorid eykur saltútskilnað um nýru. Þvagmagn verður meira og útskilnaður kalíums (eitt af söltunum sem eru í blóðinu) eykst. Lyfið inniheldur kalíum til að minnka hættu á kalíumskorti.

Hægt er að nota Centyl med kaliumklorid:

- við hækkuðum blóðþrýstingi
- við vökvasöfnun (bjúg)
- til að fyrirbyggja endurtekna nýrnasteina
- við flóðmigu (sjúklegum þorsta - diabetes insipidus).

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð

2. Áður en byrjað er að nota Centyl med kaliumklorid

Ekki má nota Centyl med kaliumklorid ef:

- þú ert með alvarlegt ójafnvægi í vökva- og saltbúskap líkamans (elektrólýtaójafnvægi)
- þú ert með alvarlega skerta nýrna- eða lifrastarfsemi
- þú átt erfitt með að tæma þvagblöðruna eða ert með þvagþurrð
- þú ert með vanstarfsemi í nýrnahettuberki (Addisons sjúkdóm)
- þú ert með þvagsýrugigt
- þú ert með magasár eða þrengsli í meltingarvegi
- um er að ræða ofnæmi fyrir bendróflúmetíaziði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

- um er að ræða ofnæmi fyrir öðrum þvagræsilyfjum (tíazíðum), lyfjum við sykursýki tegund 2 (súlfónýlúrea) eða blöðrubólgu (súlfametizólí).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingi áður en Centyl med kaliumklorid er tekið.

Ef þú finnur fyrir sjónskerðingu eða augnverk. Þetta gætu verið einkenni vökvasöfnunar í æðu (choroidal effusion) eða aukins þrýstings í auganu og getur komið fram innan nokkurra tíma (klukkustunda) eða vikna frá töku Centyl med kaliumklorid. Slíkt getur valdið varanlegu sjóntapi, ef það er ekki meðhöndlað. Ef þú hefur áður fengið ofnæmi fyrir penisillíni eða súlfónamíði getur hættan á þessu verið aukin.

Þeir sem eru með skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi þurfa að mæta oft til rannsóknar.

Centyl med kaliumklorid getur dregið úr útskilnaði kalsíums í þvagi sem getur leitt til hækkaðs kalsíums í blóði.

Fylgjast þarf reglulega með magni kalíums og natríums í blóðinu, sérstaklega hjá öldruðum sjúklingum.

Hjá sykursjúkum sem nota Centyl med kaliumklorid getur sykur í blóði og þvagi aukist. Nauðsynlegt getur verið að breyta sykursýkismeðferðinni meðan á meðferð með Centyl med kaliumklorid stendur. Slíkar breytingar á að gera í samráði við lækinn.

Notkun Centyl med kaliumklorid getur valdið þvagsýrugigtarkasti eða að slíkt kast versnar. Notkun þess getur einnig valdið því að bandvefsjúkdómurinn rauðir úlfar (systemic lupus erythematosus) versnar.

Þeir sem eru í meðferð með litíum ættu ekki að nota Centyl med kaliumklorid, nema læknir fylgist gaumgæfilega með meðferðinni.

Sjá kaflann „Notkun annarra lyfja“.

Sé áfengis neytt meðan á meðferð með Centyl med kaliumklorid stendur, er hættu á yfiriði þegar staðið er upp. Þetta er vegna þess að blóðþrýstingurinn verður of lágur.

Hafðu samband við lækinn ef þú ert með:

- meira kalíum í blóðinu en eðlilegt er
- hjartasjúkdóma
- vökvaskort
- skerta starfsemi í nýrum eða nýrnahettuberki (Addisons sjúkdóm)
- sjúkdóm í lifur
- skerta nýrnastarfsemi
- átt í erfiðleikum með þvaglát (stækkun á blöðruhálskirtli)
- lágan blóðþrýsting
- tregt rennsli í gegnum þarma
- mikla ógleði, uppköst eða kviðverki.

Notkun annarra lyfja samhliða Centyl med kaliumklorid

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð. Þetta gildir einnig um lyf sem fengin eru án lyfseðils, þau sem keypt hafa verið erlendis, náttúrulyf, ásamtsterkum vítamínum og steinefnum.

Láttu lækinn vita ef þú notar:

- lyf við gigt eða verkjum (NSAID)
- blóðfitulækkandi lyf (kólestryamín)
- önnur þvagræsilyf
- hjartalýf (dígoxín) og lyf við hjartsláttartruflunum
- vöðvaslakandi lyf
- lyf við of háum blóðþrýstingi

- lyf við oflæti (litíum)
- lyf við sykursýki
- lyf sem lækka gildi natríums. Samhliða notkun með slíkum lyfjum getur aukið hættuna á lágu magni natríums í blóði.
- nýrnnettubarkarhormón (barkstera)
- lyf við astma (beta-2-örva)
- lyf sem geta gert húðina ljósnæma

Ef þú notar Centyl með kalíumklorid samhliða:

- áfengi
- lyfjum við flogaveiki (fenóbarbitali)
- sterkum verkjastillandi lyfjum (ópíóíðum)

er hættu á að þig sundli og þú dettir þar sem blóðþrýstingurinn verður of lágur.

Önnur lyf geta haft áhrif á verkun Centyl með kalíumklorid og/eða Centyl með kalíumklorid getur haft áhrif á verkun þeirra. Oftast hefur þetta í reynd litla þýðingu.

Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

Notkun Centyl með kalíumklorid með mat eða drykk

Taka má Centyl með kalíumklorid með mat og drykk. Áfengi getur aukið aukaverkanir lyfsins.

Töflurnar skal taka inn með eða á eftir máltíð með a.m.k. einu stóru glasi af vatni eða öðrum vökva.

Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað..

Meðganga:

Einungis má nota Centyl með kalíumklorid samkvæmt læknisráði.

Konur á barneignaraldri eiga að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferð með Centyl með kalíumklorid stendur.

Brjóstgjöf:

Konur með barn á brjósti mega ekki nota Centyl með kalíumklorid. Lyfið skilst út í brjóstamjólki.

Frjósemi:

Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir varðandi frjósemi

Akstur og notkun véla

Centyl með kalíumklorid hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. Þó getur komið fram sundl við meðferðina og í þeim tilvikum er mælt með því að fylgja nauðsynlegum varúðarreglum um akstur og stjórnun véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Centyl með kalíumklorid

Notið lyfið alltaf eins og lækningurinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækningnum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er

Fullorðnir:

1-2 filmuhúðaðar töflur einu sinni til tvisvar sinnum á sólarhring.

Börn:

Einungis má nota Centyl með kalíumklorid handa börnum samkvæmt fyrirmælum læknis.

Aldraðir:

Fylgja skal fyrirmælum læknisins.

Skert nýrnastarfsemi:

Fylgja skal fyrirmælum læknisins.

Skert lifrarstarfsemi:

Fylgja skal fyrirmælum læknisins.

Gleypa á Centyl með kalíumklorid töflurnar heilar með glasi af vatni. Filmuhúðaðar töflurnar má taka með mat.

Í filmuhúðuðum töflunum er kjarni með kalíum. Tómur kjarninn, sem er hvítur, útskilst með hægðum.

Fylgið alltaf fyrirmælum læknisins. Misjafnt er hvað hver og einn þarf af lyfinu.

Hvorki skal breyta skömmtum né hætta meðferð nema í samráði við lækinn.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef teknar eru of margar Centyl með kalíumklorid töflur geta þvaglát orðið tíð og mikil, sem leiðir til vökvaskorts og truflunar í vökva- og saltbúskap líkamans.

Einkennin eru:

Munnþurrkur, þorsti, þróttleysi, sljóleiki, syfja, ógleði, uppköst, niðurgangur, eirðarleysi, vöðvaverkir og krampaköst.

Stórir skammtar geta haft áhrif á hjartað og valdið sundli og jafnvel yfirliði vegna lágþrýstings, hægs hjartsláttar, gáttasleglarofs og óreglulegs hjartsláttar. Öndun getur orðið veikar með blálitun á vörum og nöglum. Einkenni geta komið fram frá maga vegna ætinga og ennfremur höfuðverkur, þreyta, ógleði og uppköst vegna of mikillar sýru í blóðinu. Í alvarlegum tilvikum skert meðvitund með djúpri og hraðri öndun.

Ef gleymist að taka Centyl með kalíumklorid

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka af Centyl með kalíumklorid, heldur skal taka næsta skammt eins og venjulega.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarlegar aukaverkanir

Sjaldgæfar aukaverkanir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum):

- Ógleði, uppköst, almennur slappleiki og minnkandi þvagmyndun. Hafið tafarlaust samband við lækni eða hringið í 112 því þörf er á bráðri meðferð.

Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar

Algengar aukaverkanir (koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 100 meðhöndluðum):

- Slappleiki og ómáttleysi í vöðvum vegna lítills kalíums í blóði. Of lítið kalíum í blóðinu getur örsjaldan orðið alvarlegt með lömum og hjartsláttartruflunum (hætta á hjartastoppi). Ræðið við lækinn.
- Hækkuð gildi þvagsýru og þvagsýrugigtarkast (arthritis urica).

- Sundl (jafnvel yfirlíð þegar farið er úr liggjandi stöðu í sitjandi eða sitjandi stöðu í standandi vegna lágþrýstings), höfuðverkur, þreyta.
- Óþægindi frá meltingarvegi, ógleði, munnþurrkur og þorsti.
- Húðsjúkdómur (þ.m.t. útbrot, ofsakláði og exem)
- Verkir (þ.m.t. verkir í liðum og vöðvum)
- Flensulík einkenni (þ.m.t. hósti og nefkvef).

Sjaldgæfar aukaverkanir (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 100 meðhöndluðum):

- Yfirlíð. Ef puls og öndun er eðlileg og fljótt er vaknað, ræðið við lækinn. Í öðrum tilvikum hringið í 112.
- Þreyta, vægar minnstruflanir, skapstygð og hægðatregða (kalkvakaóhóf).
- Þorsti, þreyta, aukin þvaglát vegna sykursýki. Aukinn blóðsykur (bæði hjá sykursjúkum og þeim sem ekki eru með sykursýki).
- Truflanir á sýru-basa jafnvægi í blóði.
- Ofþornun.
- Slappleiki, sljóleiki, vöðvakrampar, uppköst, ógleði, höfuðverkur, niðurgangur eða hægðatregða vegna minnkunar klóríðs í blóðinu.
- Ógleði, vanlíðan, vöðvamáttleysi og rugl vegna lítills natríums í blóðinu. Of lítið natríum í blóði getur örsjaldan orðið alvarlegt með vöðvakrömpum og dái. Ræðið við lækinn.
- Krampar í höndum, náladofi í höndum og fótum og vöðvaslappleiki vegna lítills kalks í blóðinu.
- Óreglulegur puls vegna lítills magnesíums í blóðinu. Of lítið magnesíum í blóðinu getur örsjaldan orðið alvarlegt með taktruflunum í hjartanu (hætta á hjartastoppi). Ræðið við lækinn.
- Þyngdaraukning.
- Óöruggar hreyfingar.
- Stingir, náladofi eða dofi í húðinni.
- Bragðskynstruflanir.
- Þunglyndi, rugl, svefntruflanir.
- Augnsjúkdómur og þokusýn.
- Hjartsláttarótt og raskanir á hjarta- og æðakerfi.
- Sundl, jafnvel yfirlíð vegna lágþrýstings, roði, kuldatilfinning.
- Truflanir á öndun.
- Mæði/öndunarerfiðleikar og hvæsandi öndun. Þetta getur hjá sumum þróast í alvarlega aukaverkun. Ræðið við lækinn.
- Niðurgangur, uppköst, hægðatregða, verkir og óþægindi í maga.
- Aukin viðkvæmni í húð gagnvart ljósi, kláði, mikil svitamyndun.
- Vöðvakrampar og kippir.
- Aukið kreatínín í þvagi.
- Aukið þvagmagn og tíð þvaglát á nóttunni.
- Getuleysi.
- Uppsöfnun vatns í líkamanum, þroti í andliti.

Tíðni ekki þekkt:

- hækkun kalsíums í blóði
- sjónsviðsskerðing eða verkur í augunum vegna aukins þrýstings (hugsanleg einkenni vökvasöfnunar í æðu (choroidal effusion) eða bráðrar þrönghornsgláku)

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafraeðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Centyl með kaliumklóríd

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Geymið við lægri hita en 30°C

Geymið glasið vel lokað til varnar gegn raka.

Ekki skal nota Centyl með kalíumklorid eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á glasinu.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið..

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Centyl með kalíumklorid filmuhúðaðar töflur innihalda:

- Virku innihaldsefni eru: 2,5 mg bendróflúmetíazið og kalíumklóríð 573 mg
- Önnur innihaldsefni eru: Etýlsellulósi, sterýlalkahól, magnesíumsterat, glýseról, hýprómellósi 15 cps, hýprómellósi 3 cps pólýsorbit 20, sítrónusýrueinhýdrat, sakkarínatríum, talkúm, kínólíngult (E 104), patent blue V (E 131), títantvíoxíð (E 171).

Lýsing á útliti Centyl með kalíumklorid og pakkningastærðir

Pakkningastærðir: 100 og 250 filmuhúðaðar töflur.
Glas með þurrkefnispokum í lokinu.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi
Karo Pharma AB
Box 16184
103 24 Stockholm
Svíþjóð

Framleiðandi
allphamed PHARBIL Arzneimittel GmbH
Hildebrandstr. 10-12
37081 Göttingen
Þýskaland

Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið
Alvogen ehf.
Sími: 522 2900
Netfang: info@alvogen.is

Fylgiseðillinn var síðast uppfærður í október 2025.